



LEIÐSAGNARMAT - MENTOR

LEIÐBEININGAR FYRIR NEMENDUR UNGLINGASTIGS

Leiðsagnarmat í mentor er nú notað í fyrsta sinn í Giljaskóla. Leiðsagnarmatið byggir á þátttöku nemenda á mati á því starfi sem unnið hefur verið á fyrrihluta vorannar. Mjög mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í matinu og njóti aðstoðar foreldra eða forráðamanna.

HVAÐ ER METIÐ?

Leiðsagnarmat er ný eining í mentor sem gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Markmiðið með þessu er m.a. markviss og gagnkvæm upplýsingagjöf. Þannig safna kennarar meiri upplýsingum um nemendur en áður og fá að auki upplýsingar frá nemendum sjálfum um hvaða augum þeir líta eigin stöðu í skólanum. Það gefur einnig tilefni til umræðna á heimilinu um gang máli í skólanum.





MATSPÆTTIR

Nemendur meta stöðu sína í kjarnagreinum út frá þáttunum; heimanám/verkefni, samvinna/samskipti, áhugi/virkni, vinnubrögð/umgengni og sjálfstæði/frumkvæði. Einnig meta þeir aðra þætti s.s. líðan, skipulag, stundvísi og hegðun.

MATSKERFI

Nemendur hafa fjóra valmöguleika þegar þeir meta sig í þáttum tengdum námsgreinum. *Til fyrirmyndar, Góð framvinda, Þarf að taka sig á og Þarfnast verulegra úrbóta.* Notuð eru tákn fyrir þessa möguleika. Nemendur velja þann möguleika sem þeim finnst lýsa stöðu sinni best.

Matstákn

-  Til fyrirmyndar
-  Góð framvinda
-  Þarf að taka sig á
-  Þarfnast verulegra úrbóta

UMSAGNIR OG SPURNINGAR

Nemendur hafa einnig möguleika á því að skrá umsagnir um einstakar greinar. Þeir eru eindregið hvattir til þess og skrá þar t.d. líðan í tímum, styrkleika sína í greininni og hvort námsefnið í greininni vekji hjá þeim áhuga. Umsagnarhólfíð má í raun nýta til að skrá allt það sem nemendur vilja koma til skila við kennara.



SVONA ER FARIÐ AÐ

UNDIRBÚNINGUR

Mjög mikilvægt er að undirbúa sig fyrir matið og ígrunda stöðuna í skólanum áður en hafist er handa. Gott er að skrifa hjá sér athugasemdir og skrá allt sem þið teljið máli skipta íumsögninni um greinina. Gefið ykkur svo góðan tíma til að vinna matið í mentor.

INNSKRÁNING

Leiðsagnarmatið fer fram á svæði nemenda á mentor. Til að finna aðgangsorð nemanda skrá foreldrar sig inn á mentor með kennitölu sinni og lykilorði. Því næst er smellt á flipann. *Almennar upplýsingar* á nemendasjaldinu. Hægra megin á sjaldinu sést þá lykilorð nemandans.

SKRÁNING Á LEIÐSAGNARMATSBLAÐ

Nemandinn (með aðstoð foreldra/forráðamanna) skráir sig inn í kerfið með kennitölu sinni og lykilorði.

Smellt er á leiðsagnarmat á bláa hlutanum vinstra megin á skjánum. Til að skrá á matsblaðið er smellt á merkið:

Á fyrsta hluta matsblaðsins er námsframmistaða metin. Smellt er í reitina til að kalla fram matstáknin. Umsagnir á síðan að skrá í textahólf þar fyrir afan.

Námsframmistaða		Heimanám/verkefnaáská	Samvinna/samskipti	Ahugi/virkni	Vinnubrögð/umgengni	Sjálfstæði/frumkvæði
Sund	Nemandi					
	Kennari					
Stærðfræði	Nemandi					
	Kennari	○	○	○	○	✓
Náttúrufræði	Nemandi					
	Kennari	○	✓	○	○	○
Lífsleikni	Nemandi					
	Kennari	✓	✓	✓	✓	○
Samfélagsfræði	Nemandi					
	Kennari	○	✓	✓	✓	✓

Munið að smella á **Uppfæra** þegar skráningu er lokið.